

Akureyri 25 nóvember 2011

Frá svæðisstjóra Óðinssvæðis. Mjög annasamt hefur verið hjá svæðisstjóra í svæðinu, en 4 október voru stjórnarskipti hjá Emblum og 8 okt.færði svæðisstjóri Skjaldarfélögum gjöf frá öllum klúbbum í svæðinu að tilefni 40 ára afmælis þeirra. Þá var skipt um stjórnir hjá Herðubreið og Skjálfanda 9 okt.(sameiginleg). Stjórnarskipti hjá Kalbak voru 13 okt. Og sameiginleg stjórnarskipti hjá Skildi og Súlum 14.okt. Þá voru stjórnarskipti hjá Grími Grímsey 16 okt, og Drangey Suðárkróki 21.okt,en að síðustu stjórnarskipti 28 okt.hjá Öskju Vopnafirði. Öll stjórnarskipti gengu mjög vel og móttökur afar ánægjulegar og fékk svæðisstjóri að taka inn fjóra nýja félagar við stjórnarskipti hjá Emblum,Skildi og Öskju. Svæðisráðsstefna var haldin á Akureyri 12 nóvember og mættu umdæmisstjóri,fullrúi K-dagsnefndar,sem einnig er tengiliður Færeyja og forsetar klúbbanna ásamt fleirrum alls 36 manns. Eins og skýrslur forseta gáfu til kynna,er mjög öflugt starf unnið í öllum klúbbunum í svæðinu og greinilegt að allir vilja gea sitt besta í þágu kiwani. Fjöldi félaga í klúbbum er mjög mismunandi og hafa ytri aðstæður gert fámennum klúbbum erfitt fyrir,en á ráðsstefnunni kom fram að tveir nýir félagar höfðu verið teknir inn hjá kiwanisklúbbnum Skildi og hafa þá bætst í svæðið sex nýir félagar frá því að ég tók við embætti og er það vel. Umdæmisstjóri fór yfir stefnumótum umdæmisins og fundarmenn lýstu stefnumörkum og framtíðarsýn.Þá komu upp nokkrar fyrirspurnir til umdæmisstjóra sem hann svaraði greiðlega. Að loknum svæðisráðsfundi var formlega afhentur styrkur Óðinssvæðis,sem er vöktunartæki fyrir mjög veik börn á barnadeild FSA og er þegar komið í notkun,en fyrra vöktunartækið var afhent formlega á síðustu svæðisráðsstefnu í nóvember 2010. Yfirlæknir og deildarstjóri veittu viðtöku innrömmaðu skjali frá klúbbunum í Óðinssvæði um styrkveitingu þessa. Þá héldu fundamenn að húsnæði Lautarinnar sem er athvarf fólks með geðraskanir,en þar afhenti umdæmisstjóri Ragnar og Emelía Dóra fulltrúi K-dagsnefndar styrk að upphæð 5,5 miljón króna,sem var hluti landsöfnunar á sölu K-lykilsins og veitti Brynjólfur Ingvarsson geðlækni og formanni geðverndarfélag Akureyrar,ásamt stjórnendum Lautarinnar. Að þessu loknu héldu kiwanisfélagar ánægðir til síns heima: Ég er þess fullviss að kiwanisfélagar í öllum klúbbum muni gera sitt besta í starfi fyrir kiwanis: Sigurjón Pálsson svæðisstjóri Óðinssvæðis

